



<b>Kennari:</b>	<b>Eyrún B. Magnúsdóttir</b>
-----------------	------------------------------

<b>Sk.st.</b>
---------------

<b>EBM</b>
------------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnst nemendur kenningum og hugtökum tengdum jafnrétti, kynjafræði, lýðræði, mannréttindum og almennri samfélagsvitund. Farið verður í gegnsæi netsamfélaga og afleiðingar hegðunar þar og þær samfélagsbreytingar sem hafa orðið vegna aukinnar notkunar netsins og aukins framboðs af netsamfélögum. Nemendur munu einnig kynnst umhverfi, stöðu og réttindum fatlaðra í gegnum námsefni og í gegnum raunhæft liðveisluverkefni sem unnið er í samvinnu við sveitarfélög á svæði skólans. Þá er komið samstarf við HSU með liðveislu við íbúa Fossheima og Ljósheima. Nemendur munu fara í heimsóknir og vinna eftir ákveðnum þemum í gegnum önnina.

**Undanfari:** FÉLA2AF05

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Mannréttindum og þróun þeirra,
- tilgangi réttindabarátta,
- hvað það er að vera virkur samfélagsþegn í lýðræðissamfélagi,
- grundvallarhugtökum er tengjast jafnrétti og kynjafræði,
- hvað fötlun er og ábyrgð samfélagsins gagnvart því.

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita hugtökunum; læsi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, sköpun, sjálfbærni og heilsa og velferð, bæði í námi og utan þess,
- greina mismunandi tegundir netsamfélaga og áhrif þeirra,
- nota námsefni og umfjöllun um fötlun í raunaðstæðum.

### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Leggja mat á upplýsingar um brot á réttindum fólks og viðbrögð samfélagsins við því,
- tengja umfjöllun samfélagsins við hugtök fjölmiðla um afbrot við sjónarhorn afbrota félags-, kynja- og fötlunarfræði,
- geta tjáð sig í ræðu og riti um samfélagsleg álitamál,
- geta litið á samfélagið með mismunandi sjónarhornum og gagnrýni,
- vita hvað felst í fræðilegum vinnubrögðum, kunna að leita að heimildum, meta gæði þeirra og vísa rétt í þær.

**Námsefni:** Ljósrit, efni af Interneti, dreift af kennara.

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
7. – 10. jan	Kynning á áfanganum – skipulag. Heimsókn frá HSU v/samveruverkefni.	Hugtök. Skipt í pör.
13. – 24. jan	Réttindi og staða fatlaðra einstaklinga í samfélaginu. Liðveisluverkefni annarinnar kynnt. Fyrsta heimsókn í samveru + skipulag.	Vinnustofur og verkefni. 6%
27. jan – 7. feb	Lýðræði og mannréttindi, jafnrétti. Viðtöl og verkefni í samveru. Liðveisla utan skóla.	Vinnustofur og verkefni. 6%
10. – 19. feb	Karlmennska vs. kvenleiki, kynjakvótar og staðalímyndir. Snjalltæki og virkni í samveru. Liðveisla utan skóla.	Vinnustofur. 6%
24. feb – 6. mars	Auglýsingar, myndbönd og myndir. Viðtöl, samantekt í samveru. Liðveisla utan skóla.	Verkefni. 6%
9. – 20. mars	Sjálfbærni, siðferði og samskipti. Liðveisla utan skóla.	Vinnustofur. 6%
23. mars – 3. apríl	Klám og klámvæðing, kynbundið ofbeldi, vændi, mansal, kynheilbrigði. Liðveisla utan skóla.	Vinnustofur og verkefni. 10%
15. – 30. apríl	Lokaverkefni og kynningar. Liðveisla utan skóla. Umfjöllun um liðveislu og samveru.	Lokaverkefni og kynningar. 20%
4. – 8. maí	Samantekt og úrvinnsla. Samantekt frá samveru skilað til íbúa.	

### Sérreglur áfangans:

Gerð er krafa um 100% skilaskyldu verkefna. Ef nemandi getur ekki skilað verkefni vegna óviðráðanlegra orsaka skal hann tala við kennara um leið og það er ljóst. Síðasta vika annarinnar getur verið notuð til að vinna það upp með sérverkefnum. Mætingarskylda er í samræmi við reglur skólans. Farsímar eru leyfðir án hljóðs og leikja, í samráði við kennara.

### Fyrirkomulag námsmats:

Námspáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Vinnustofur og verkefni	Einstaklings/hópverkefni og lokaverkefni.	60%
Liðveisluverkefni eða samvera.	Raunverkefni og samantekt.	30%
Þátttaka	Umræður og virkni í tímum og á síðu.	10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Eyrún B. Magnúsdóttir – [eyrunbm1@gmail.com](mailto:eyrunbm1@gmail.com)